

GJALDSKRÁ

fyrir stofngjald fráveitu í Borgarbyggð.

1. gr.

Sveitarsjóður Borgarbyggðar innheimtir gjald fyrir fráveitu í Borgarbyggð skv. gjaldskrá þessari og samþykkt um fráveitur og rotþrær í Borgarbyggð nr. 296/2007.

2. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennslislagna við fráveitukerfi sveitarfélagsins skal vera:

Fyrir hverja matseiningu eignar kr. 570.000. Sé bifreiðageymsla sér matseining greiðist ekki stofngjald tilheyri hún íbúðarhúsnæði á sömu lóð.

Hafi atvinnuhúsnæði verið skipt upp í fleiri matseiningar innan 3ja ára frá lokaúttekt byggingarfulltrúa skal greiða stofngjald fráveitu af fjölgun matseininga sbr. 2. mgr.

Semja þarf sérstaklega um stofngjald fráveitu á stöðum fjarri dreifikerfislögnum holræsa, þ.e. yfir 50 m.

3. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu fjögur ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

4. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 216/2010.

Borgarnesi, 28. desember 2011.

Páll S. Brynjarsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 17. janúar 2012